



Akraneskaupstaður

# BÆJARSTJÓRN - 1267

## FUNDARBOÐ

**1267. fundur bæjarstjórnar  
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,  
23. janúar 2018 og hefst kl. 17:00**

### Dagskrá:

#### Almenn erindi

**1. 1801223 - Skýrsla bæjarstjóra 2018**

Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri fer yfir helstu atriði í störfum sínum frá 29. nóvember síðastliðnum.

#### Afgreiðsla til staðfestingar

**2. 1801127 - Reglur 2018 - afsláttur af fasteignagjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega**

Bæjarráð samþykkti reglur um afslátt af fasteignagjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega á Akranesi fyrir árið 2018 og vísar til bæjarstjórnar til endanlegrar samþykktar.

**3. 1801118 - Reglur um fjárhagsaðstoð Akraneskaupstaðar**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 11. janúar síðastliðinn tillögu velferðar- og mannréttindaráðs um breytingu á 11. gr. reglna um fjárhagsaðstoð Akraneskaupstaðar og vísar þeim til endanlegrar samþykktar í bæjarstjórn Akraness.

**4. 1612050 - Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 11. janúar síðastliðinn tillögu velferðar- og mannréttindaráðs um breytingar á reglum um sérstakan húsnæðisstuðning og vísar þeim til endanlegrar samþykktar í bæjarstjórn Akraness.

**5. 1703139 - Brú Lífeyrissjóður - breyting á A deild**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 11. janúar síðastliðinn samkomulag um uppgjör lífeyrisskuldbindinga við Brú lífeyrissjóð og vísar samþykktinni til endanlegrar afgreiðslu í bæjarstjórn.

**6. 1711001 - Bjarg íbúðafélag umsókn um stofnframlag okt. 2017**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 11. janúar síðastliðinn breytingar á stofnframlagi Akraneskaupstaðar vegna uppbyggingar Bjargs íbúðafélags á Akranesi.

Misræmi er fjárhæð stofnaframlags í umsókn Bjargs til Íbúðalánasjóðs (ÍLS) og í samþykktri fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar. Kallar á ákvörðun um breytingu á fjárhagsáætlun en samþykkt stofnframlags Akraneskaupstaðar er lægra en fram kemur í umsóknargjöldum til ÍLS.

**7. 1801145 - Deilisk. - Flóahverfi, breyting**

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn tillaga að breytingu á deiliskipulagi Flóðhverfis verði auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í að veitt verði tímabundin heimild fyrir starfsmannabúðir á skilgreindum lóðum. Ennfremur er breyting á skipulagi götu við Lækjarflóa og breyting á lóðum til samræmis.

**8. 1709090 - Aðalsk. Akraneshöfn**

Fjallað var í skipulags- og umhverfiráði um skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Akraness 2005-2017, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að fyrirliggjandi skipulagslýsing verði auglýst til kynningar.

**9. 1710151 - Kalmansvellir 6 - umsókn um byggingarleyfi**

Grenndarkynning fór fram 12. desember 2017 til 2. janúar 2018 vegna umsóknar um byggingarleyfi við Kalmansvelli 6 þar sem fyrirhuguð bygging fór aðeins út fyrir byggingareit. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

**10. 1708036 - Suðurgata 115 bílskúr - grenndarkynning.**

Grenndarkynningin fór fram frá 27. nóvember til og með 18. desember 2017 vegna stækkunar á bílskúr við Suðurgötu 115. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að fyrirliggjandi skipulagslýsing verði auglýst til kynningar.

**Fundargerðir til kynningar**

**11. 1801005 - Fundargerðir 2018 - bæjarráð**

3233. fundargerð bæjarráðs frá 11. janúar 2018.

- 12. 1801008 - Fundargerðir 2018 - skipulags- og umhverfisráð**  
75. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 15. janúar 2018.
- 13. 1801006 - Fundargerðir 2018 - velferðar- og mannréttindaráð**  
73. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 10. janúar 2018.
- 14. 1801007 - Fundargerðir 2018 - skóla- og frístundaráð**  
74. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 16. janúar 2018.
- 15. 1801027 - Fundargerðir 2018 - Faxaflóahafnir**  
164. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna frá 12. janúar 2018.

19. janúar 2018  
Sævar Freyr Þránínsson, bæjarstjóri.